

2. fundur íþróttta og tómstundanefndar haldinn í Þórsveri fimmtudaginn 18. september 2014 og hófst kl. 20.00

Mætt eru: Almar Marinósson, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Valgerður Sæmundsdóttir og Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerðina.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemdir varðandi fundarboð. Engar athugasemdir gerðar.

1. Svartholið. Ásdís Hrönn Viðarsdóttir mætt á fundinn.

Fjallað um vetrarstarf Svartholsins. Nefndin mælir með því að Ásdís verði ráðin sem umsjónarmaður Svartholsins og ráðinn verður starfsmaður í samráði við Ásdísi sem mun sjá um opnun Svartholsins mestmegnis. Tillaga nefndar að hafa opið 2x í viku til að byrja með og sjá hvernig það kemur út.

2. Bréf frá forstöðumanni íþróttahússins vegna síðustu fundargerðar.

Farið yfir bréfið og því svarað.

3. Önnur mál.

Valgerður lagði fram bréf til kynningar (sjá fylgiskjal), til að senda á þau félög sem heyra undir nefndina. Samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 22.20